



OYSTER PERPETUAL ROLEX DEEPSEA


ROLEX

MICHELSSEN
ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviiss.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 26. september 2012 | 16. tölublað | 8. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

**Vistvænn
kostur!**



GUÐJÓN Ó

VISTVÆN PRENTSMÍÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



**STÓRU
SPURNINGUNNI ÓSVARÆÐ**

- Seðlabankinn telur krónu með bættri umgjörð og evru raunhæfustu valkosti Íslands í gjaldmiðilsmálum.
- Evrunni fylgir margvíslegur ábati en einnig nýjar hættur.
- Markaðurinn fjallar um hagfræðilegu rökin með og á móti upptöku evru.

Logos hefur hagnast um 2,2 milljarða á þremur árum

Logos slf. hagnaðist um 736 milljónir króna á síðasta ári. Vegna þeirrar frammistöðu lagði stjórn félagsins til að 680 milljóna króna arður yrði greiddur út til eigenda á árinu 2012. Meðaltalsarðgreiðsla á hvern eiganda er 40 milljónir króna, en tveir þeirra 17 sem eiga stofuna eiga ekki fullan hlut. Þetta kemur fram í nýbirtum ársreikningi Logos.

Hagnaðurinn er í takt við hagnað Logos á undanförunum árum, en stofan græddi samtals tæpa 1,5 milljarða króna á árunum 2009 og 2010. Samanlagður hagnaður hennar frá bankahruni er því um 2,2 milljarðar króna. Þorri hagnaðar stofunnar á því tímabili hefur verið greiddur í arð til eigenda hennar. Á meðal þeirra eru Gunnar Sturluson, Erlendur Gíslason og Óttar Pálsson. Alls nam velta Logos 2,6 milljörðum króna í fyrra, sem er 268 milljónum króna meira en stofan velti árið áður. Þá störfuðu 83 starfsmenn að meðaltali í 74 heilsársstöðugildum hjá Logos í fyrra. Greiðslur vegna launa- og launatengdra gjalda námu 968,6 milljónum króna. - þsj

Helmingur ráðgjafakostnaðar til slitastjórnar og skilanefndar

Tæpur helmingur allra greiðslna þrotabús Glitnis til lögfræðinga og annarra ráðgjafa í fyrra, um hálfur milljarður króna, rann til félaga í eigu slitastjórnar- og skilanefndarmanna. Þetta kemur fram í gögnum um launakostnað þrotabús Glitnis.

Samkvæmt þeim fékk skilanefnd og slitastjórn samtals 364,8 milljónir króna greiddar á árinu 2011 þegar virðisaukaskattur er meðtalinn. Í slitastjórn Glitnis sátu tveir á því ári, þau Steinunn Guðbjartsdóttir og Páll Eiríksson. Samtals fengu þau 229,4 milljónir króna. Skilanefndin, þau Árni Tómasson, Heimir Haraldsson og Þórdís Bjarnadóttir, fengu samtals 135,4 milljónir króna. Þessu til viðbótar fengu fulltrúar á stofum slitastjórnarmanna greiddar 132,8 milljónir króna.

Í nýjasta fjárhagsuppgjöri Glitnis kemur fram að þrotabúið hafi greitt alls 1.115 milljónir króna í fyrra í aðkeypta lögfræðipjónustu og aðra ráðgjöf. Þar af fóru 497,6 milljónir króna til félaga í eigu slitastjórnar- og skilanefndarmanna, eða 44,6 prósent af greiðslunum. - þsj

Sjónmælingar í Optical Studio

Tímamantanir í síma:

Optical Studio í Smáralind, 5288500

Optical Studio í Keflavík, 4213811

Optical Studio í Leifsstöð, 4250500

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK

Fróðleiksmolinn


DataMarket

Varnarmál og aftur varnarmál


Eftirfarandi myndir sýna orkunotkun stofnana bandaríska ríkisins á árunum 1975-2010. Eins og sjá má er orkunotkun vegna varnarmála að jafnaði um 80% af allri orkuneyslu þarlendrar ríkisstofnana.

Póstþjónusta Bandaríkjanna eyðir næstmestri orku í þessum samanburði, en þó er orkunotkun hennar þó lítil samanborið við orkunotkun hersins. Einnig má sjá að bandaríska geimferðarstofnunin, NASA, ber einungis ábyrgð á tæpu prósentu af heildarorkunotkun bandarískra alríkisstofnana. Taka skal fram að þessar tölur ná einungis til bandaríska alríkisins. Þær taka því ekki mið af orkunotkun einkaaðila eða orkunotkun annarra opinberra aðila svo sem fylkja, sveitarfélaga eða borga.


Orkunotkun bandarískra alríkisstofnana



Orkunotkun vegna annarra málaflokka en varnarmála árið 2010



Orkunotkun bandarískra alríkisstofnana árið 2010



Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

Miðvikudagur 26. september

- Fjöldi útgefna vegabréfa
- Ýmis lánaþyrftækni | hagtölur SÍ

Fimmtudagur 27. september

- Vísitala neysluverðs í september 2012
- Meðalrekstrarkostnaður á nemanda í grunnskólum 2012

Föstudagur 28. september

- Nýskráningar og gjaldþrot í ágúst 2012
- Vöruskipti við útlönd í janúar – ágúst 2012
- Vísitala framleiðsluverðs í ágúst 2012
- Verðbreyfaviðskipti | hagtölur SÍ
- Staða markaðsverðbréfa | hagtölur SÍ
- Réttur til að vita | ráðstefna á vegum Ský

Miðvikudagur 3. október

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

- Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum
- Vaxtaákvörðunardagur Seðlabanka Íslands
- Vöruskipti við útlönd

Fimmtudagur 4. október

- Gistnætur og gestakomur á hótélum í ágúst 2012
- Lífeyrissjóðir | hagtölur SÍ
- Gjaldþyrftarmarkaður | hagtölur SÍ
- Krónumarkaður | hagtölur SÍ
- Raungengi | hagtölur SÍ

Föstudagur 5. október

- Efnahagur Seðlabankans | hagtölur SÍ
- Útboð ríkisbréfa

Mánudagur 8. október

- Útskrifaðir nemendur úr framhalds- og háskólum 2010-2011
- Erlend staða Seðlabankans | hagtölur SÍ

Vörsluskattaskuld DV hefur tvöfaldast

DV ehf. skuldaði 76 milljónir króna í opinber gjöld í júlí. Félagið samdi við tollstjóra um greiðslur á skuldinni. Uppsafnað tap á fyrstu tveimur árum reksturs félagsins nam um 90 milljónum.

FIJLMÍDLAR

Þórhur Snær Júlíusson | thordur@frettabladid.is

DV ehf., sem er útgáfufélag DV, skuldaði um 50 milljónir króna í staðgreiðslu skatta og 26 milljónir króna í ógreitt tryggingagjald í júlí síðastliðnum. Samtals nam skuld útgáfufélagsins vegna opinberra gjalda því um 76 milljónum króna. Í árslok 2010 skuldaði DV ehf. um 34 milljónir króna í sömu gjöld. Sú upphæð hefur því rúmlega tvöfaldast síðan þá. Þetta kemur fram í gögnum sem Markaðurinn hefur undir höndum.

DV ehf. hefur ekki skilað inn ársreikningi fyrir árið 2011 en samkvæmt yfirlýsingu frá endurskoðanda félagsins nam uppsafnað tap þess um síðustu áramót um 90 milljónum króna.

DV ehf. var stofnað í byrjun árs 2010 og tók við rekstri DV í apríl sama ár. Heildarhlutfé félagsins í upphafi var 63,6 milljónir króna. Samkvæmt ársreikningi DV ehf. fyrir árið 2010, sem er síðasti birti ársreikningur félagsins, tapaði það 53,3 milljónum króna á fyrstu níu starfsmánuðum sínum, eða sem nemur 84 prósentum af upphaflegu hlutfé sínu. Síðan þá hefur hlutfé í DV ehf. verið aukið nokkrum sinnum.

Á síðasta aðalfundi félagsins, sem haldinn var 18. maí síðastliðinn, var hlutféð hækkað úr 81,1 milljón króna í 107,3 milljónir króna. Hlutfjárukningin var öll greidd með peningum. Á sama fundi var síðan lögð fram ný tilfaga um niðurfærslu á „hlutfé félagsins um 25% til jöfnunar á móti tapi. Niðurfærslan skal



STJÓRNENDUR Reynir Traustason er ritstjóri DV og sonur hans, Jón Trausti Reynisson, framkvæmdastjóri félagsins. Þeir eru einnig báðir á meðal eigenda blaðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

miðast við stöðu hlutfjár þann 31.12.2011 og er fjárhæðin sem um ræðir 26.820.681,-. Eftir þá niðurfærslu er hlutfé DV ehf. því 80,5 milljónir króna.

Tilkynningunni til fyrirtækjaskráar fylgdi einnig yfirlýsing endurskoðanda. Í henni segir að „samkvæmt ársreikningi félagsins fyrir árið 2011 nemur uppsafnað tap 90.099.418,-. Af þessu er ljóst að DV ehf. tapaði samtals 90,1 milljón króna á fyrstu tveimur starfsárum sínum.

Í síðasta birta ársreikningi DV, fyrir árið 2010, kom fram að félagið skuldaði 23,9 milljónir króna í ógreidda staðgreiðslu skatta. Auk þess skuldaði það 10,3 milljónir króna í ógreitt trygginga-

gjald og um sex milljónir króna í áfallna vexti.

Í gögnum sem Markaðurinn hefur undir höndum, og sýna yfirlit yfir opinberar greiðslur DV ehf., kemur fram að félagið skuldi 25,8 milljónir króna í tryggingagjald í júlí síðastliðnum. Til viðbótar skuldar það 50,4 milljónir króna í staðgreiðslu launa. Því skuldaði DV ehf. samtals 76,2 milljónir króna í vörsluskatta í júlí síðastliðnum. Það er einkenni vörsluskatta að refsivert er að gera ekki skil á þeim til ríkissjóðs.

Stöð 2 greindi frá því fyrr í septembermánuði að embætti tollstjóra hafi hins vegar gert samkomulag við hundruð fyrirtækja sem skulda opinber gjöld. Embættinu er heimilt að stöðva atvinnurekstur þegar slík gjöld eða skattar eru í vanskilum en því úrræði hefur ekki verið beitt á nein fyrirtæki frá árinu 2009 vegna tilmæla frá fjármálaráðuneytinu um að beita ekki lokunaraðgerðum.

Í kjölfar fréttar Stöðvar 2 fór Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður fram á sérstakan fund í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis til að fá frekari skýringar á þeim úrræðum sem tollstjóra-embættið hefur boðið fyrirtækjum sem skulda skatta.

ERUM MEÐ SAMKOMULAG VIÐ TOLLSTJÓRA



JÓN TRAUSTI REYNISSON

„Við erum með samkomulag við tollstjóra um að greiða þetta upp og við munum gera það sem þarf til þess að klára þetta,” segir Jón Trausti Reynisson, framkvæmdastjóri DV ehf.

Hann segist hafa tekið við sem framkvæmdastjóri fyrir tveimur vikum og hafi verið að vinna í stöðunni síðan þá. Þegar hafi töluvert verið borgað af skuldinni. „En ég býst ekki við að þetta klárast fyrir áramót.”

Spurður hvort það hversu mikið skuldin hefur vaxið bendi ekki til þess að félagið sé illa rekstrarhæft til langs tíma svarar Jón Trausti: „Það hefur verið gripið til niðurskurðaraðgerða sem eru að skila sér í mun betri horfum núna og við munum gera það sem þarf.”

- sh

ER ÞITT FYRIRTÆKI MEÐ SAMNING?

Fyrirtæki sem eru með samning við Icelandair njóta þess í hagkvæmari rekstri, betri tímanytingu og ánægðara starfsfólki.

Hlunnindi sem fyrirtækjasamningur veitir:

- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
- Neyðarnúmer sem er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
- Afsláttur sem býðst af fargjöldum til áfangastaða Icelandair.
- Nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.

+ Allar nánari upplýsingar á www.icelandair.is/fyrirtaeki eða sendið fyrirspurnir á fyrirtaeki@icelandair.is

ICELANDAIR



SAGA CLASS

Úrvallspægindi, gott rými og fyrsta flokks þjónusta.

Við bjóðum fyrirtækjum sérþekkingu



Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu af ráðgjöf við stór og smá fyrirtæki í ferðaþjónustu og hefur viðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra. Þannig getum við ávallt tryggt þeim þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Kristín Hrönn Guðmundsdóttir hefur veitt ferðaþjónustuaðilum og öðrum fyrirtækjum fjármálaþjónustu í meira en 10 ár. Kristín Hrönn er viðskiptastjóri hjá Íslandsbanka.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki

BBA Legal vinnur fyrir kröfuhafa og erlenda fjárfesta:

BBA Legal hagnaðist um 259 milljónir króna

Lögfræðistofan BBA Legal hagnaðist um 259 milljónir króna á síðasta ári. Það er um sjö milljónum króna meira en hún gerði á árinu 2010. Þetta kemur fram í nýbirtum ársreikningi BBA Legal. Samtals hefur stofan grætt 793 milljónir króna á síðustu þremur árum en BBA Legal sérhæfir sig í ráðgjöf tengdri samrunum og yfirtökum, fjármálamörkuðum, bankarétti, fjármögnun fyrirtækja, gjaldþrotarétti og almennt fyrirtækja- og fjármálaráðgjöf. Stofan hefur unnið mikið fyrir erlenda fjárfesta og kröfuhafa sem eiga hagsmuna að gæta á Íslandi.

BBA Legal greiddi eigendum sínum 217,4 milljónir króna í arð á árinu 2011 vegna frammistöðu ársins á undan. Ekki er tilgreint í ársreikningi hvað hún hyggst greiða þeim vegna ársins 2011. Hluthafar BBA Legal eru sex talsins. Þar af eiga Ásgeir Á. Ragnarsson, Baldvin Björn Haraldsson og Einar Baldvin Árnason 64,27 prósent eignarhlut. Aðrir eigendur eru Katrín Helga Hallgrímsdóttir, Bjarki Diego og Atli Björn Þorbjörnsson.

- þsj



LÚXEMBOURG Ríkið hefur verið vinsælt sem skráningarland eignarhaldsfélaga íslenskra fjárfesta á undanförunum árum. MYND/GETTY IMAGES

Erlend fjárfesting jókst um 100 milljarða á milli ára:

Nær einvörðungu frá Sviss og Lúxemborg

Rúmlega 90 prósent þeirrar aukningar í erlendri fjárfestingu sem átti sér stað á Íslandi á árinu 2011 kemur frá Lúxemborg og Sviss, en bæði ríkin eru þekkt fyrir ríka bankaleynd og hagstætt skattamhverfi. Þetta kemur fram í hagtölum Seðlabanka Íslands um beina fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi. Vert er að taka fram að íslenskir einstaklingar geta flokkast sem erlendir aðilar ef félög í þeirra eigu eru með heimilisfesti utan landsteinanna.

Alls jókst erlend fjárfestingin um tæpa 100 milljarða króna milli ára 2010 og 2011. Hún fór úr 30 milljörðum króna í 128,1

milljarð króna og hefur ekki verið hærri frá árinu 2007. Stærsti hluti erlendu fjárfestinganna kom frá Lúxemborg, en bein fjárfesting aðila sem skráðir eru þar jókst úr 32,6 milljörðum króna í 94,4 milljarða króna. Fjárfestingar aðila sem skráðir eru í Sviss jukust úr 579 milljónum króna í 29,2 milljarða króna. Samtals nemur aukning fjárfestingar frá þessum tveimur löndum 90,3 milljörðum króna. Umræddar fjárfestingar tengjast ekki fjárfestingaleið Seðlabankans á neinn hátt, enda fór fyrsta útboð innan hennar ekki fram fyrr en í febrúar 2012.

- þsj



FRAMKVÆMDASTJÓRI Brynjólfur Bjarnason var ráðinn framkvæmdastjóri FSÍ í mars síðastliðnum. Hann tók þá við starfinu af Finnboga Jónssyni. Brynjólfur var áður forstjóri Símans og síðar Skipta á árunum 2002-2010.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Eignir FSÍ hækkuðu um fimmtán milljarða

Framtakssjóðurinn hagnaðist um 1,5 milljarða króna á fyrri hluta ársins 2012. Hagnaðurinn aðallega tilkominn vegna hækkandi hlutabréfaverðs í Icelandair. Vodafone fer bráðlega á markað.

FJÁRFESTINGAR

Þóroddur Snær Júlíusson | thordur@frettabladid.is

Framtakssjóður Íslands (FSÍ) hagnaðist um 1,5 milljarða króna á fyrstu sex mánuðum ársins 2012. Sjóðurinn metur virði eigna sinna á 47,1 milljarð króna og eigið fé hans í lok júní síðastliðins nam 32,3 milljörðum króna. Virði eigna FSÍ var því metið um 15 milljörðum króna meira en þær eignir voru keyptar á. Allur rekstrarhagnaður FSÍ stafar af hækkun á markaðsvirði 19 prósent eignarhlutar hans í Icelandair sem hefur hækkað mikið í verði það sem af er ári. Þetta kemur fram í útdrætti úr uppgjöri FSÍ sem Markaðurinn hefur undir höndum. Stærsti einstaki eigandi FSÍ er Landsbankinn með 27,6 prósent hlut. Aðrir eigendur hans eru 16 lífeyrissjóðir og VÍS.

Sjóðurinn hagnaðist um 2,3 milljarða króna á árinu 2011 og var þorri þess hagnaðar vegna sölu á tíu prósent hlut í Icelandair í nóvember á því ári á 2,7 milljarða króna. Hluturinn hafði þá ávaxtast um 120 prósent frá því hann var keyptur. Hópurinn sem keypti hlutinn var að mestu sömu lífeyrissjóðirnir og eiga í FSÍ. Eftir sölu átti FSÍ áfram 19 prósent hlut í Icelandair.

Brynjólfur Bjarnason, framkvæmdastjóri FSÍ, segir afkomuna aðallega vera vegna hækkandi gengis hlutabréfa í því félagi. Gengi Icelandair var um fimm krónur á hlut um síðustu áramót en 6,61 króna á hlut í lok uppgjörstímabilsins. Gengi bréfa á dag er um sjö krónur á hlut. Því er ljóst að eignarhlutur FSÍ í flugfélaginu hefur þegar skilað sjóðnum enn meiri virðisaukningu.

Eignir Framtakssjóðs Íslands

Félag	Eignarhlutur %
Icelandic Group	100
Vodafone	79
Advania	75
Promens	50
N1	45
Icelandair Group	19

Eignir FSÍ eru nú metnar á 47 milljarða króna. Brynjólfur segir það 15 milljörðum krónum meira en kaupverð þeirra. Hann hefur einnig mikla trú á öðrum eignum sjóðsins. „Framtakssjóðurinn á nú 45 prósent í N1 og við bindum miklar vonir við að sú fjárfesting reynist hagkvæm fyrir sjóðinn. Unnið er að krafti að skráningu Vodafone á hlutabréfamarkað, en það verður fyrsta skráning félags í eigu sjóðsins í kauphöll.“



cutting through complexity

FRÓÐLEIKUR Á FIMMTUDEGI

Framtíð innanlandsflugs

27. september | kl. 8:30 | Borgartúni 27

Kynntar verða helstu niðurstöður skýrslu um áhrif þess að flytja miðstöð innanlandsflugs frá Reykjavík til Keflavíkur.

Skráning og nánari upplýsingar á kpmg.is



Eignabjarg Arion banka:

Milljarða hagnaður

Eignabjarg, eignaumsýslufélag í eigu Arion banka, hagnaðist um 3,3 milljarða króna í fyrra. Eignir félagsins námu 15,6 milljörðum króna um síðustu áramót. Þar munaði langmestu um hagnað af eignarhlutum í eigu félagsins en það skilaði 3,3 milljarða króna hagnaði.

Eignabjarg ber ábyrgð á umsýslu og ráðstöfun þeirra eignarhluta í fyrirtækjum sem Arion banki hefur leyst til sín í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar. Stærstu eignir þess á síðasta ári voru ráðandi hlutur í Högum, 42,7 prósent hlutur í Reitum og allt hlutfé í Pennanum.

Eignabjarg seldi þórrann af eign sinni í Högum þegar félagið fór á markað og hefur haldið áfram að minnka þann hlut á þessu ári. Í dag á það 4,99 prósent í Högum. Eignabjarg seldi auk þess allt hlutfé í Pennanum um síðastliðið sumar.

- þsj

Evru fylgja ábati og nýjar hættur

Í nýrri og vandaðri skýrslu Seðlabankans um valkosti Íslands í gjaldmiðilsmálum er krónu með bættri umgjörð og evru stillt upp sem þeim valkostum sem liggja beinast við. Markaðurinn kynnti sér kosti og galla beggja valkosta.

FRÉTTASKÝRING

Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is

Seðlabankinn kynnti nýverið umfangsmikla skýrslu um valkosti Íslands í gjaldmiðilsmálum. Er það mat bankans að tveir kostir liggi beinast við sem framtíðargjaldmiðill landsins; króna með bættri umgjörð og evra sem tekin yrði upp í kjölfar aðildar að ESB.

Í skýrslunni er fjallað um hagfræðileg rök með og á móti þessum kostum. Seðlabankinn bendir þó á að ákvörðun um þetta nær langt út fyrir ramma hagfræði og verður aldrei tekin nema í gegnum pólitískt ferli. Það mat bankans er vafalítið rétt en hin hagfræðilegu álitafni hljóta að vega þungt í umræðunni um málið. Verður því hér gerð grein fyrir þeim hagfræðilegu rökum sem færa má fyrir hvorum valkosti.

MARGPÆTTUR ÁBATI EVRU

Upptaka evru í kjölfar inngöngu í ESB hefði margþættan ábata í för með sér fyrir íslenskt efnahagslíf. Í fyrsta lagi má nefna að kostnaður við skipti á krónum og evrum myndi hverfa. Þá yrði ódýrara fyrir Íslendinga að kaupa aðra gjaldmiðla þar sem gjald-eyrismarkaður með evrur er mun dýpri en með krónur. Seðlabankinn telur að þessi sparnaður gæti numið fimm til fimmtán milljörðum á ári.

Í öðru lagi má nefna að rannsóknir benda til þess að upptaka evru myndi örva viðskipti við evruríkin þar sem viðskiptakostnaður lækkar. Telur Seðlabankinn að upptaka evru gæti því aukið utanríkisviðskipti um 8% til 23%. Við það myndi landsframleiðsla á mann aukast varanlega um 1,5% til 11% en við það myndu tekjur heimila hækka. Þá má telja líklegt að erlend fjárfesting hér á landi myndi aukast eftir upptöku evru.

Í þriðja lagi ætti upptaka evru að gagnast neytendum og fyrirtækjum að því leyti að markaðir evruríkja opnast frekar. Aukin samkeppni hér ætti að gagnast neytendum og þá gefur stærri markaður fyrirtækjum tækifæri á að nýta betur stærðarhagkvæmni í framleiðslu og rekstri.

Í fjórða lagi gæti Ísland með upptöku evru leyft sér að hafa minni gjaldeyrisforða en ella. Í febrúar birti utanríkisráðherra skriflegt svar á Alþingi við fyrirspurn um hver sá sparnaður gæti verið. Var niðurstaðan sú að við eðlilegar aðstæður gæti sparnaðurinn numið sex milljörðum á ári.

Í fimmta lagi má ætla að kostnaður við peninga, peningamálastjórn og gjaldeyrisviðskipti, lækki eftir

MIKILVÆGUSTU KOSTIR KRÓNU OG EVRU



Evra:

- Tugmilljarða rekstrarhagfræðilegur sparnaður fyrir þjóðarþúið
- Lægri verðbólga og vextir
- Aukin utanríkisviðskipti sem hækkar landsframleiðslu
- Óstöðugleiki vegna sveiflna krónunnar hverfur

Króna:

- Fljótandi króna auðveldar hagkerfinu að bregðast við efnahagslegum áföllum
- Peningastefna Seðlabanka Íslands reynir að dempa sveiflur innanlands. Peningastefna Seðlabanka Evrópu gæti þvert á móti magnað sveiflurnar.
- Upptaka evru gæti valdið meira atvinnuleysi en ella í niðursveiflu og því að samkeppnisstaða hagkerfisins versni hægt og rólega með slæmum afleiðingum



upptöku evru. Erfitt er þó að henda reiður á hve mikill sá sparnaður gæti verið. Þá yrði hlutdeild Íslands í myntsláttuhagnaði vegna útgáfu evra meiri en myntsláttuhagnaður vegna útgáfu króna ef marka má svar utanríkisráðherra við fyrirspurn á þingi sem birt var í desember í fyrra. Gæti myntsláttuhagnaður aukist um 2,8 milljarða á ári.

Í sjötta lagi myndi verðbólga hér á landi minnka og nálgast verulega verðbólgu annarra evruríkja. Verðbólga á evrusvæðinu hefur verið á bilinu 1% til 3% lengst af frá því að evran varð til.

Í sjöunda lagi myndu raunvextir hér á landi lækka og nálgast vexti á evrusvæðinu. Erfitt er að merta hve mikil lækkunin yrði en lægri áhættuþóknun vegna gengissveiflna og verðbólgu og dýpri fjármálamarkaður hefðu sitt að segja. Fyrir vikið telur Seðlabankinn að landsframleiðsla myndi hækka varanlega á Íslandi.

Í áttunda lagi myndi upptaka evru fela í sér að áhætta vegna bankastarfsemi erlendis minnkaði þar sem hún yrði að stærri hluta í heimamýnt. Þá myndi Seðlabanki Evrópu sjá um lausafjárfyrirgreiðslu til banka en hann hefur meira bolmagn til að bregðast við lausafjávanda en sá íslenski.

Í níunda lagi fylgja aðild að ESB og upptöku evru kvaðir sem ætlað er að sporna við agaleysi í hag-

stjórn. Þá tæki Ísland þátt í margvíslegu samráði um efnahagsstefnu og fengi aðgang að björgunarsjóðum ESB. Þessir þættir gætu reynst gagnlegir en allt eins má líta á þá sem hættulegt fullveldisframsal.

Að lokum gæti upptaka evru mildað hagsveifluna á Íslandi og aukið stöðugleika þar sem gengissveiflur krónunnar myndu hverfa. Er það mat Seðlabankans að reynsla Íslendinga af sjálfstæðri peningastefnu og sveigjanlegu gengi hafi almennt verið slök. Þá hafi sveigjanleiki krónu fremur magnað sveiflur en stuðlað að stöðugleika. Þó ber að taka fram að sveigjanleiki krónunnar hefur einnig við vissar aðstæður auðvaldað aðlögun þjóðarbúsins eftir alvarleg áföll. Má í því samhengi nefna hrun síldarstofnsins í lok sjöunda áratugarins og bankahrunið haustið 2008.

SVEIGJANLEIKI KRÓNU GETUR VERIÐ DÝRMETUR

Ein helsta röksemdin fyrir því að taka upp evru hvílir á því mati Seðlabankans að peningamálastjórn með fljótandi krónu hafi gengið illa og ýkt sveiflur í hagkerfinu fremur en dregið úr þeim.

Það er þó ekki þar með sagt að ekki geti gengið betur framvegis. Í skýrslunni fjallar bankinn um hugsanlegar umbætur sem gera má til að auka virkni peningastefnu

unnar. Telur bankinn að verði tilögum fylgt eftir verði hún skilvirkari auk þess sem vonast megi til þess að dragi úr sveiflum í gengi krónunnar. Tillögur bankans má sjá hér fyrir neðan en ljóst er að takist að standa betur að innlendri hagstjórn minnkar hvatinn til þess að skoða upptöku annarra gjaldmiðla.

Þá hefur áframhaldandi notkun krónu þann kost að Ísland viðheldur sjálfstæðri peningastefnu. Áfram yrði því hægt að beita henni og sveigjanlegu gengi til að draga úr áhrifum efnahagslegra áfalla og hraða aðlögun þjóðarbúsins að breyttum aðstæðum eins og við höfum séð síðustu ár. Þá gætu umbætur á hagstjórn og eftirliti með fjármálakerfinu minnkað kerfisáhættu hér á landi.

Upptaka evru gæti jafnframt magnað hagsveifluna eins og Seðlabankinn telur að krónan hafi gert. Þegar lítið er til þess hvort ríki hafa gagn af því að ganga í myntbandalag er lykilatriði að bera saman hagsveiflu ríkisins og ríkja bandalagsins. Ef hagsveiflan er eins er kostnaður afsals sjálfstæðrar peningastefnu lítill þar sem peningastefna sameiginlegu myntarinnar kemur einfaldlega í staðinn og mildar sveiflur. Ef hagsveiflan er hins vegar ólík getur sameiginlega peningastefnan þvert á móti magnað sveiflur.

Íslenska hagsveiflan hefur

sögulega verið í takmörkuðum tengslum við hagsveiflu evruríkja. Bendir það til þess að talsverð hætta sé á því að peningastefna Seðlabanka Evrópu myndi henta Íslandi illa og magna sveiflur. Þó má nefna að ýmsar rannsóknir benda til þess að hagsveiflur ríkja í myntbandalagi verði líkari með tímanum. Því kann að vera að þetta vandamál minnki eftir því sem lengra líður frá upptöku evru.

EVRA SKAPAR VISSAR HÆTTUR

Þá ber að hafa í huga að stór hluti þess ábata sem mögulegt er að myndi fylgja upptöku evru er háður því að innlend efnahagsstefna einkennist af fullnægjandi aðhaldssemi. Til að mynda telur Seðlabankinn nauðsynlegt að halda opinberum skuldum í skefjum og beita þjóðhagsvarúðartækjum til þess að draga úr áhættu í fjármálakerfinu.

Loks þarf að tryggja að sveigjanleiki vinnumarkaðar sé nægur til að aðlagast ytri áföllum í ljósi þess að gengi evru myndi ekki breytast við slík áföll. Seðlabankinn telur að við óbreyttar aðstæður gæti það reynst erfitt gangi Ísland í myntbandalag. Því telur bankinn upptöku evru kalla á breytingar á ákvörðun nafnlauna á Íslandi en annars er hætta á því að atvinnuleysi aukist mun meira en ella hér á landi í niðursveiflum.

Þá kemur fram í skýrslunni að launakostnaður hér hafi kerfisbundið hækkað meira en sem nemur framleiðniaukningu vinnuaflds. Samkeppnisstaða íslenskra atvinnuvega hafi hins vegar haldið óbreytt þar sem gengi krónu hafi veikt á móti. Sá kostur verður ekki fyrir hendi taki Ísland upp evru. Yrði áframhald á slíkum launahækkunum með evru er því veruleg hætta á að samkeppnisstaða þjóðarbúsins veikist smám saman sem gæti enda með alvarlegum vanda eins og hefur myndast víða í Suður-Evrópu síðustu ár.

Einnig er hætta á því að lægri vextir hér á landi eftir upptöku evru myndu ýta undir skuldaföfnun sem sömuleiðis gæti valdið vandræðum í niðursveiflu.

Eins og minnst hefur verið á hér hefur evrusvæðið glímt við talsverða erfiðleika á síðustu miss-erum sem enn hafa ekki verið að fullu leystir. Kreppan á evrusvæðinu hefur afhjúpað ákveðna hönnunargalla á myntbandalaginu sem fyrir vikið má telja líklegt að breytingar verði gerðar á næstu árum. Í besta falli mun það standa eftir sterkara en áður en í versta falli gætu vandræðin ógnað tilvist þess. Segja má að áhættusamt sé fyrir Ísland að skuldbinda sig til upptöku evru fyrr en komið er endanlega í ljós hvaða breytingar verða gerðar á því.

LEIÐIN AÐ EVRUNNI

Áður en Íslendingar geta hafið að nota evrur er margt sem þarf að gerast. Í fyrsta lagi þurfa Íslendingar að samþykka inngöngu í ESB að loknum aðildarviðræðum. Þá gætu liðið þó nokkur ár frá því að ákvörðun er tekin um inngöngu og þar til Ísland yrði fullgilt evruríki. Helstu vörðurnar á leiðinni til evru eru eftirfarandi:

- Íslendingar þurfa að ljúka aðildarviðræðum við ESB og í kjölfarið samþykka inngöngu.
- Losa þarf gjaldeyrishöftin hér á landi því samkvæmt regluverki ESB skal því lokið áður en til mögulegrar aðildar kemur.
- Að inngöngu í ESB lokinni þarf Ísland að uppfylla hin svokölluðu Maastricht-skilyrði áður en það getur gengið í myntbandalagið. Meðal þeirra er að taka þátt í ERM II-samstarfinu um gjaldeyris-mál í tvö ár hið minnsta og ná að halda gengi krónu innan ákveðinna marka á því tímabili. Fram kemur í skýrslunni að líklega muni Ísland uppfylla flest skilyrðanna á næstu árum. Ekki

er aftur á móti fyrirsjáanlegt að heildarskuldir ríkisins verði lægri en sem nemur viðmiði á næstunni. Í skýrslunni er þó bent á að fordæmi eru fyrir því að ríkjum sé samt sem áður leyft að taka upp evru fari ríkisskuldir hratt lakkandi. Nýleg reynsla af agaleysi í opinberum fjármálum á evrusvæðinu gæti þó gert það að verkum að framvegis verði túlkun þessa ákvæðis harðari.

- Líklegt má telja að breytingar verði gerðar á regluverki myntbandalagsins sem viðbragð við skuldakreppunni sem hefur leikið sum evruríki grátt undanfarið. Því er ekki útilokað að leiðin að evrunni gæti tekið breytingum á næstu árum.

ENDURBÆTTUR RAMMI UTAN UM KRÓNUNA

Í skýrslu Seðlabankans er fjallað um hugsanlegar umbætur sem gera má á peningastefnunni, hagstjórn hér á landi og regluverki og eftirliti með fjármálastarfsemi. Samandregið eru þessar mögulegu breytingar eftirfarandi:

- Stefnan í ríkisfjármálum styðji betur við peningamálastefnuna. Skoðað verði hvort einhvers konar ríkisfjármálareglur geti hjálpað til við það.
- Endurbætt fjármálastöðugleikastefna þar sem þjóðhagslegum varúðarreglum og öðrum tækjum er beitt til að vinna gegn áhættu í fjármálakerfinu og sveiflumagnandi samspili þess og raunhagkerfisins. Meðal varúðarreglna sem Seðlabankinn hefur lagt til má nefna takmarkanir á lánum í erlendum gjaldmiðlum og söfnun

innlána í útbúum banka erlendis.

- Seðlabankinn beiti inngripum á gjaldeyrismarkaði sem miði að því að leggjast á móti óhóflegu fjármagnsinnstreymi og milda neikvæð áhrif fjármagnsústreymis á stöðugleika fjármálakerfisins.
- Endurbætur á ramma peningastefnunnar. Til álíta kemur að lengja sjónendardhring peningastefnunnar og auka svigrúm hennar til að vinna á móti ójafnvægi á eignamörkuðum.

Jákvæð upplifun skapar hollustu

Með því að leggja áherslu á jákvæðar og nýstárlegar upplifanir viðskiptavina geta fyrirtæki skapað tryggð meðal þeirra. Þetta hafa rannsóknir þýska markaðssérfræðingsins Berndts Schmitt leitt í ljós en hann telur áherslu á upplifun, ánægju og þátttöku viðskiptavina geta verið mjög ábatasama fyrir fyrirtæki.

VIÐTAL

Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is

Bernd Schmitt er prófessor í alþjóðaviðskiptum við Columbia Business School í New York. Er hann þekktur fyrir skrif sín og kenningar á sviði markaðssetningar, vörumerkjastjórnunar og stefnumótunar en hann hefur í rannsóknum sínum lagt áherslu á nýsköpun í markaðssetningu og upplifun viðskiptavina. Markaðurinn ræddi við Schmitt um rannsóknir hans og hvernig þær geta komið fyrirtækjum að gagni við markaðssetningu.

Í rannsóknum þínum hefur þú meðal annars skoðað hvernig fyrirtæki geta skapað hollustu hjá viðskiptavinum með því að leggja áherslu á upplifun þeirra. Viltu segja mér frá þessu?

„Til að búa til hollustu þurfa fyrirtæki að búa til tengsl við viðskiptavinina. Tengsl sem gera það að verkum að viðskiptavinirnir snúa aftur síðar, jafnvel án þess að velta fyrst fyrir sér hvort nálgaðst meggi betri staðkvæmdarvöru annars staðar.

Nú, hvernig er hægt að ná þessu fram? Ein leið er að vera einfaldlega með miklu betri vöru en samkeppnisaðilarnir. Vandinn er sá að fæst fyrirtæki hafa slíkt samkeppnisforskot og þurfa því að beita öðrum aðferðum. Ein er að sjá til þess að öll þjónusta sé fyrsta flokks. Önnur er að nota skapandi markaðsherferðir til að gera vörumerki fyrirtækisins „svalt“. Þriðja leiðin er að gera verslanir fyrirtækisins spennandi, til dæmis með óvenjulegri hönnun eða með því að hafa alls konar áhugaverða hluti í gangi hverju sinni. Það eru svona hlutir sem ég kalla upplifun viðskipta-



BERND SCHMITT Schmitt hefur veitt mörgum stærstu fyrirtækjum heims ráðgjöf um hvernig auka meggi hollustu viðskiptavina.

FRÉTTABLAÐID/GVA

vina og með því að leggja áherslu á hana er hægt að skapa hollustu.“

Þú hefur talað um að fyrirtæki geti notað þrjár aðferðir til að breyta venjulegum viðskiptavinum í tryggja viðskiptavinum. Hverjar eru þær?

„Sú fyrsta er að láta viðskiptavininum líða vel og bjóða þeim upp á áhugaverða upplifun. Þetta tengist því sem við vorum að ræða og við getum tekið hótélkeðjuna W sem dæmi. W er tiltöluleg nýleg hótélkeðja en hefur náð góðum árangri. Hún býður sínum viðskiptavinum aðra reynslu af því að gista á hóteli en þeir eiga að venjast. Til dæmis er öll hönnun framúrstefnuleg, það er plötusnúður í anddyrinu og alls konar áhugaverðir hlutir í gangi hér og þar.

Í fyrsta lagi geta fyrirtæki með tryggja viðskiptavinum verðlagð vörur sínar hærra, það hefur fjöldi rannsókna sýnt.

Önnur leið til að láta viðskiptavinum líða vel er að vera einfaldlega með vöru sem gerir einmitt það. Ég get tekið Disney sem dæmi, allar þeirra vörur snúast um vellíðan. Mörg sætindi snúast um vellíðan, margar matvörur og drykkir sömuleiðis, þannig að ef þú ert í slíkum geira þá sér varan eiginlega um það sjálf.

Þriðju leiðina til að skapa tengsl við viðskiptavinum kalla ég tilgang en hún snýst um að tengja við gildi fólks. Sumt fólk er til að mynda mjög meðvitað um umhverfismál. Ef þitt fyrirtæki selur umhverfisvænar vörur og hannar umbúðir og fleira slíkt sem gefur frá sér þau skilaboð þá getur fyrirtækið byggt upp hollustu hjá þannig þenkjandi fólki. Það eru fjölmörg gildi sem fyrirtæki geta reynt að hampa með þetta fyrir augum.

Fjórða leiðin snýst svo í raun um að vera sífellt að gera nýja hluti og ég kalla hana þátttöku. Við getum tekið fyrirtæki á borð við Skype, Facebook og Twitter sem eru sífellt að kynna til leiks nýja möguleika á vefsíðum sínum sem eru gagnlegir fyrir

viðskiptavinum. Þannig er hægt að halda viðskiptavinum á tálum.“

Hver er ábati fyrirtækja af því að hafa mjög áhugasama viðskiptavinum fremur en einungis hefðbundna viðskiptavinum?

„Í fyrsta lagi geta fyrirtæki með tryggja viðskiptavinum verðlagð vörur sínar hærra, það hefur fjöldi rannsókna sýnt. Í öðru lagi munu viðskiptavinirnir tala vel um vöruna í daglegu lífi sem er ekkert annað en verðmæt auglýsing. Í þriðja lagi veita viðskiptavinirnir fyrirtækinu meiri athygli en ella. Þannig að þegar fyrirtækið til dæmis kynnir nýja vöru eru viðskiptavinirnir líklegri til að kaupa þá vöru líka.“

Því hefur verið haldið fram að ábati þeirra aðferða sem þú hefur lýst hafi minnkað á síðustu árum þar sem þær hafi orðið of vinsælar. Með öðrum orðum að of mörg fyrirtæki hafi verið að beita sömu aðferðunum til að skera sig úr og þar með hafi ábati hvers og eins minnkað. Ertu sammála þessu?

„Það er gott að þú spurðir þessarar spurningar. Það er rétt hjá þér að mörg fyrirtæki líta nú á þessar hugmyndir sem eins konar verkfærakassa. Þau lesa þá um hvernig þetta eða hitt fyrirtæki hefur beitt hugmyndunum og herma svo eftir þeim. En þetta er kolrangur hugsunarháttur. Þessi hugmyndafræði snýst öll um að vera frumlegur í að skapa upplifanir. Og hvernig er það gert? Jú, í stað þess að hugsa um styrkleika vörunnar sem á að selja eiga fyrirtæki heldur að spyrja sig hvernig viðskiptavinir þess eru að lifa lífi sínu og hvernig varan getur passað inn í það. Þess vegna er til að mynda mikilvægt að markaðsfólk beiti lífsstílsrannsóknum til að komast að því hvernig menning viðskiptavinnanna er að breytast hverju sinni.“

Olíuverzlun Íslands tapaði tæpum 30 milljónum króna í fyrra:

1,8 milljarða króna krafa á móðurfélag Olís gefin eftir

ELDSNEYTISMARKAÐUR

Þóroddur Snær Júlíusson | thordur@frettabladid.is

Olíuverzlun Íslands, betur þekkt sem Olís, tapaði 29,3 milljónum króna í fyrra, krafa sem félagið átti á móðurfélag sitt upp á 1,8 milljarða króna var gefin eftir og skuldir þess endurfjármagnaðar. Þetta kemur fram í nýbirtum ársreikningi Olís.

Í ársreikningnum kemur meðal annars fram að „í desember 2011 var gengið frá samkomulagi við viðskiptabanka félagsins [Landsbankann] varðandi endurfjármögnun og leiðréttingu á lánum félagsins. Samhliða því samkomulagi er gert ráð fyrir aðkomu nýrra hluthafa að félaginu á árinu 2012 og mun koma til hlutfjáráruknings á fyrri hluta ársins sem mun verða ráðstafað til greiðslu skammtímaskulda við bankann.“

Sú hlutfjárárukning átti sér stað í febrúar síðastliðnum þegar hlutfé Olís var lækkað um 502,5 milljónir króna að nafnvirði, eða um 75 prósent. Það var síðan samstundis hækkað aftur um sama magn. Fyrir breytinguna átti FAD 1830, sem nú heitir GESE ehf., allt hlutféð. Það félag er í eigu Einars



OLÍS Félagið er á meðal stærstu eldsneytissala landsins.

FRÉTTABLAÐID/VILHELM

Benediktssonar og Gísla Baldurs Garðarssonar. Eftir breytinguna átti félagið 25 prósent hlut. Samherji og FISK Seafood, dótturfélag Kaupfélags Skagfirðinga, greiddu fyrir hlutfjáráruknings og eru því orðnir eigendur að meirihluta í Olís.

Í ársreikningnum kemur fram að skuldir Olís hafi verið 16,8 milljarðar króna um síðustu áramót og hækkuðu um 300 milljónir á milli ára. Athygli vekur þó að afborganir langtímalána námu 7,6 milljörum króna á árinu 2011 og skammtímaskuldir við lánastofnanir jukust um tæpa fjóra milljarða króna.

Samkomulag Olís við Landsbankann gerði einnig ráð fyrir því að

Olís myndi sameinast móðurfélagi sínu, GESE ehf., og systurfélaginu Sandfelli ehf. ef Samkeppnisýfirvöld myndu samþykkja breytingarnar. Það samþykki fékkst nú í september. Í ársreikningi Olís segir að „við samruna félaganna mun krafa Olíuverzlunar Íslands hf. á hendur móðurfélagi sínu að fjárhæð 1.781 millj. kr. falla út á móti skuld móðurfélagsins“. Ekki liggur fyrir hvaða önnur áhrif endurskipulagningin mun hafa á fjárhag GESE ehf. Félagið skilaði síðast ársreikningi árið 2007. Þá skuldaði félagið 6,8 milljarða króna. Eina eign þess á þeim tíma var öll hlutabréf í Olís sem metin voru á 6,8 milljarða króna.

Útgerðarfyrirtæki hagnaðist um 1,4 milljarða í fyrra:

Þorbjörn skilaði inn sex ársreikningum

Útgerðarfyrirtækið Þorbjörn hf. frá Grindavík skilaði inn ársreikningi fyrir árin 2006 til 2011 þann 6. september. Þar kemur meðal annars fram að félagið hafi hagnaðist um 1,4 milljarða króna í fyrra eftir að hafa tapað um 250 milljónum króna árið áður. Eignir félagsins um síðustu áramót voru metnar á 22,6 milljarða króna og eigið fé var um 4,7 milljarðar króna.

Eigendur félagsins greiddu sér út um 550 milljónir króna í arð á árinu 2010 vegna frammistöðu þess á árinu á undan, þegar það hagnaðist um rúman milljarð króna. Enginn arður var greiddur út til þeirra í fyrra, enda tapaði Þorbjörn peningum á árinu 2010. Í ársreikningi ársins 2012 er ekki gerð tillaga að arðgreiðslu vegna ársins 2011.

Þorbjörn gerði framvirka gjaldeyris-skjatasamninga við tvo banka fyrir hrún. Í ársreikningnum kemur fram að fyrirtækið hafi í fyrra gert samning við þrotabú Landsbankans „um fullnaðaruppgjör framvirkra samninga sem bankinn krafði félagið um. Viðræður um uppgjör á kröfu Glitnis hf. standa



ARÐSEMI Eiríkur Tómasson er framkvæmdastjóri Þorbjarnar.

yfir og er enn óljóst hver niðurstaðan verður. Fjárhæð skuldar vegna framvirkra gjaldmiðlasamninga miðast við að samningaviðræður við Glitni hf. leiði af sér sömu niðurstöðu og uppgjör við LBI [gamla Landsbankann] fól í sér“.

Skuldir Þorbjarnar í lok síðasta árs voru bókfærðar 17,9 milljarðar króna. Þær lækkuðu um 1,7 milljarða króna á því ári. Helstu eigendur fyrirtækisins eru framkvæmdastjórinn Eiríkur Tómasson og fjölskylda hans.

Góðir staðir til að vinna á

TIL LEIGU

Suðurlandsbr. 24
108 Reykjavík



- Fjölbreytt skrifstofu- og verslunarhúsnæði á jarðhæð
- Bílageymsla og næg bílastæði, hentug staðsetning
- Stærð u.þ.b. 986 m², laust strax

TIL LEIGU

Fossháls 5-7
110 Reykjavík



- Rúmgott verslunarhúsnæði fyrir rekstur af ýmsu tagi
- 1.066 m² á jarðhæð og um 400 m² á 2. hæð, næg bílastæði
- Góð lofthæð, hentug innkeyrsluhurð, góð aðkoma



- Stór salur, fundarherbergi, skrifstofur og eldhús
- Mjög vel búið húsnæði í hvers konar rekstur
- 1.386 m², laust 1. október

TIL LEIGU

Ármúli 31
108 Reykjavík



www.reitir.is

REITIR

Vönduð umgjörð fyrir vinnandi fólk



Nánari upplýsingar veitir
Halldór Jensson
840 2100
halldor@reitir.is

Reitir fasteignafélag er stærsta þjónustufyrirtækið á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis á Íslandi. Reitir hafa yfir að ráða fjölbreyttu fasteignasafni sem samanstendur af um 130 fasteignum sem staðsettar eru víðsvegar um landið.

Hin hliðin

PÓREY VILHJÁLMSDÓTTIR



Hver ráðstafar tekjunum þínum?

Eins og allir launþegar finn ég töluvert fyrir því hversu stóran skerf ríkið tekur af launum mínum mánaðarlega og er því afar umhugað hvernig þeirri upphæð er ráðstafað. Af þessum sökum undrast ég þegar ég heyri talað um áhugaleysi á stjórnmálum, hvað þá að einhverjir ætli ekki að nýta kosningarétt sinn. Hvernig má það vera að fólk vilji ekki hafa áhrif á það hvernig stórum hluta tekna þeirra í hverjum mánuði er ráðstafað?


Nú ætla ég ekki að bera í bætiflaka fyrir það að vinsældir stjórnmála og stjórnmálamanna eru í sögulegu lágmarki og Alþingi nýtur því miður einungis trausts 10% þjóðarinnar. Það virðist vera mikið óþol og þirringur gagnvart stjórnmálaumræðu almennt sem er miður og kallar á allsherjar endurskoðun á vinnubrögðum og samskiptum í stjórnmálum. Þetta breytir samt ekki þeirri staðreynd að þeir sem á Alþingi og í sveitastjórnrum sitja eru fulltrúar sem þjóðin velur í lýðræðislegum kosningum til þess að halda um stjórnartaumana í landinu og ráðstafa stórum hluta tekna okkar.

Eru það kjörnir fulltrúar?

Stjórnmálaumræðan er komin mjög á skjön við það sem hún raunverulega snýst um í sinni einföldustu mynd. Ríkissjóðir, borgar- og bæjar- sjóðir eru sameignarsjóðir okkar og við höfum reglulega tækifæri til þess að velja fulltrúa okkar í stjórn þeirra í kosningum. Það skiptir máli hvaða umgjörð við búum samfélagi okkar, hversu mikið jafnvægi er á milli einstaklingsfrelsis og ríkisafskipta. Til einföldunar er hægt að segja að þetta snúist um að velja á milli þeirra stjórnmálamanna sem vilja auka við þjónustuna og hækka í leiðinni prósentuna sem við greiðum í ríkissjóð og þeirra sem vilja veita sömu þjónustu með því að hagræða í kerfinu og lækka prósentuna sem við greiðum. Það skiptir öllu máli að halda úti nauðsynlegri samfélagsþjónustu eins og heilsugæslu, menntun, velferð, samgöngum o.fl. En hversu stórum hluta tekna okkar ættu stjórnmálamenn að ráðstafa fyrir okkur?

Eða við sjálf?

Með því að taka þátt í opnum prófkjörum stjórnmálaflokkanna veljum við þá einstaklinga sem við treystum til þess að ráðstafa hluta tekna okkar, það er mikil ábyrgð sem fylgir því. Með því að taka þátt í kosningum er einnig verið að velja þá aðferð sem hámarkar að okkar mati nýtingu þessa fjármagns í þágu samfélagsins. Þau sem búin eru að fá nóg af stjórnmálum og vilja breytingar eiga þá einfaldlega að velja þann sem líklegastur er til að breyta – það gerist ekki nema að taka þátt. Það er staðreynd að atkvæðið skiptir máli.



PIETON / SIA

MP banki eflir atvinnulífið

- MP banki er eini sjálfstæði og óháði einkabankinn og því í kjörstöðu til að veita úrvals þjónustu fyrir íslenskt atvinnulíf, athafnafólk, fjárfesta og sparifjáreigendur.
- Stefna okkar er skýr:**
Við erum banki atvinnulífsins.
- Við erum sérfræðingar í bankaviðskiptum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og veitum þeim alhliða þjónustu sem og einstaklingunum sem að þeim standa.
 - Við erum leiðandi fjárfestingarbanki í fyrirtækjaráðgjöf, markaðsviðskiptum og fjármögnun í gegnum verðbréfamarkað.
 - Við erum þekkt fyrir afbragðs árangur í eignastýringu á innlendum sem erlendum mörkuðum – jafnt við góðar sem erfiðar markaðsaðstæður.

Við vinnum náið með viðskiptavinum okkar og metum árangur okkar í vexti þeirra og velgengni.

Verið velkomin í banka atvinnulífsins.



Ármúli 13a / Borgartún 26 / +354 540 3200 / www.mp.is

NÝJUNGAR
ÞJÓNUSTA
HÖNNUN

Fallett úrval fyrir öll heimili

Sérhönnun fyrir þig bestu lausnina – þér að kostnaðarlausu.

ORMSSON

Velkomin í breyttan og glæsilegan sýningarsal!

OPÍÐ VIRKA DAGA FRÁ 10-18 OG LAUGARDAGA FRÁ 11-15

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2819 & 530 2821 · www.hth-kitchen.com

